

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

Tölublað 7

2. nóvember 2023



Norska húsið tjargað í mildu veðri í október.

Hólmurinn heillar allt árið um kring

Veðrið hefur leikið við Hólmara undanfarna daga þó kulduinn hafi vissulega færst í aukana. Á þessum tíma árs verður breyting á hegðun ferðamanna í landinu. Nú fljúga til landsins vetrarferðamenn sem sækja hingað í stórum stíl til að skoða norðurljósin og upplifa veturinn

og skammdegið á Íslandi. Við Hólmarar fáum okkar skammt af þessum vetrarfuglum enda nóg um að vera sem kann að heilla ferðamanninn. Dagana 26.-29. október fór fram óskahelgi í Stykkishólmi en þá buðu Hólmarar til veislu fyrir öll skilningarvit. Meðal þess sem boðið var uppá

var miðnætursund, flot, hugleiðsla, tónheilun, jóga, sýningar, sjósund, hlaup, góður matur og náttúruupplifanir. Félag atvinnulífs í Stykkishólmi stóð fyrir óskahelginni sem heppnaðist afar vel. Þá styttist óðum í að Jón Beck, verkstjóri Þjónustumiðstöðvar, komist í jólaskap og hef-

jist handa við að skreyta bæinn fyrir jólin. En sífellt fleiri leggja leið sína frá Höfuðborginni hingað til að upplifa töfrandi adventustundir í Stykkishólmi. Þó sólin stoppi stutt við komandi vetrardaga eru vissulega bjartir tímar framundan hér í Hólminum.

Nemendur á miðstig Grunnskólans vinna góðverk



Nemendahópurinn kíkti í Ráðhúsið og gerði grein fyrir verkefninu.

Hluti nemenda í Grunnskóla Stykkishólms á miðstigi, þ.e. 5.-7. bekkur, hafa valið sér áfanga sem hefur það að markmiði að vinna góðverk fyrir samborgara sína. Þessi föngulegi hópur klæðir sig vel upp og heldur út hvernig sem viðrar alla mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 8:10 til 9:30 næstu tvær vikurnar. Hópurinn hefur það markmið eitt að vinna góðverk svo sem eins og að skafa forst af

bílrúðum, salta bílaplön og stéttir fyrir eldri borgara, fara út með rusl, viðra hunda og annað slíkt. Hópurinn óskar nú eftir aðstoð við að finna verkefni en þeir sem luma á verkefnum sem gætu hentað hópnum eru hvattir til að hafa samband við Siggú Lóu, kennara hópsins, í síma 899-4151 eða netfang: siggaloa1@gmail.com. Eitt af forgangsverkefnum skólustefnu sveitarfélagsins er áhersla á að tengja nám og samfélag

og gera skólastarfið sýnilegra. Í stefnunni er einnig lögð áhersla á að efla þekkingu nemenda á sögu og umhverfi sveitarfélagsins. Jafnframt leggur stefnan áherslu á aukið samstarf skólubarna og eldri borgara, m.a. með verkefnum þar sem kynslóðirnar hittast og fá tækifæri til að læra af hvorri annarri. Verkefnið fellur því vel að skólustefnunni.



Þessi unga dama fór út með ruslið til að spara starfsfólki Ráðhússins sporin.

Kvennaverksfall í Stykkishólmi

Boðað var til kvennaverksfalls þriðjudaginn 24. október síðastliðinn um land allt undir yfirskriftinni „Kallarðu þetta jafnrétti?“

Konur og kvár um land allt lögðu niður störf þann daginn og var engin undantekning þar á í Stykkishólmi. Eins og gefur af skilja hafði

kvennaverksfallið töluverð áhrif á þjónustu sveitarfélagsins. Leikskólinn var lokaður og grunnskólinn aðeins opinn fyrir hádegi fyrir nemendur 1.-4. bekkjar, Regnbogaland var lokað og sömuleiðis Amtsbókasafnið að því frátöldu að þar komu saman konur og kvár

og fylgdust saman með beinni útsendingu frá baráttufundinum á Austurvelli. Þangað sóttu einnig rútur utan af nesi. Það var því þétt setið bæði í morgunkaffinu í bakaríinu sem og á Amtsbókasafninu þegar fylgst var með fundinum á Austurvelli.



Mynd: Klaudia Gunnarsd.



Víða var drungalegt um að litast á hrekkjavökunni.

Hrekkjavaka í Hólminum

Hrekkjavakan var hal-
din víðsvegar um heim-
þriðjudaginn 31. ok-
tóber síðastliðinn en
hátíðin fer sífellt vaxan-
di hér á landi. Á hrek-
kjavöku er hefð fyrir því
að börn klæði sig upp í
búning og gangi í hús í
leit að sælgæti. Forel-
drafélag Grunnskólans
í Stykkishólmi stóð
fyrir hrekkjavökugöngu

í Hólminum og hvat-
ti fjölskyldur og vini til
að ganga í hús og safna
sér sælgæti. Gegnið var
út frá þeirri reglu að
börn mættu banka upp
á þar sem hús hafa verið
skreytt eða merkt í tilef-
ni af hrekkjavökunni.
Fjölmarginir voru á ferli
af þessu tilefni og víða
draugalegt um að litast.



Pálína Þorvarðardóttir heiðruð fyrir nafnatillöguna sem þótti best.

Miðstöð öldrunarþjónustu fær nafnið Höfðaborg

Sunnudaginn 8. október
var formleg opnun á
Miðstöð öldrunarþ-
jónustu og var af því tilef-
ni boðið til grillveislu að
Skólastíg 14 sem hep-
pnaðist vel og var margt
um manninn. Í veislun-
ni var nafnasamkeppni
fyrir miðstöðina sett í
loftið sem stóð opin í
viku og gafst þá fólki ko-
stur á því að leggja fram
tillögur að nöfnum. Í
kjölfarið tók þar til gerð
nefnd við boltanum og
valdi úr fimm álitlegustu

tillögurnar og efndi til
kosninga þeirra á milli.
Nefndin var skipuð
þeim Klaudiu S. Gun-
narsdóttur, formanni
velferðar- og jafnrét-
tismálanefndar, Hildi
Láru Ævarsdóttur, for-
manni öldungaráðs,
Halldóru F. Sverris-
dóttur, formanni Af-
tanskins og Guðrúnu
Hörpu Gunnarsdóttur,
starfsmanni miðstöðvar
öldrunarþjónustu.
Þau nöfn sem nefn-
din taldi álitlegust og

fólki bauðst að kjósa á
milli voru eftirfarandi:
KLÖPP - Vísar í húsin
sem voru rifin þegar
núverandi hús var byggt.
IÐAN - Vísar til fólks sem
hefur gengið í gegnum
öldusjó á lífsleiðinni.
ZETAN - Vísar í félag-
smiðstöðina X-ið. Ze-
tan kemur á eftir Xinu.
STUÐLABERG - Vísar til
stöðugleika og öryggis.
HÖFÐABORG - Húsið
stendur uppi á höfða
með útsýni til allra átta.
Jakob Björgvin bæ-

jarstjóri tilkynnti svo
niðurstöðuna á opnum
viðburði á Skólastíg
14 miðvikudaginn
1. nóvember. Nafnið
Höfðaborg var hlut-
skarpast og var því
niðurstaðan að miðstöð
öldrunarþjónustu, að
Skólastíg 14, skuli bera
nafnið Höfðaborg.
Það var Pálína Guðný
Þorvarðardóttir sem
átti tillöguna að naf-
ninu og var hún sér-
staklega heiðruð fyrir.

Grenndargámar við Skúlagötu, Lágholt og Búðanes



Grenndargámar hafa nú verið settir upp á þremur stöðum í Stykkishólmi. Gámarnir eru staðsettir við Skúlagötu, Lágholt og Búðanes. Í þá má ski-

la til endurvinnslu málmum, litlum og hreinum málmhlutum eins og niðursuðudósum, krukulokum og sprittker-takoppum (álhúðaðir

snakkpokar mega ekki fara með málmum heldur eiga þeir að flokkast með plasti). Gleri, hreinum ílátum og flöskum úr gleri (tappar og krukku-

lok mega ekki fara með gleri heldur skal flokka með plasti og málmum eftir sem við á). Og textíl, öllum textíl eins og fatnaði, líni og efnisbúttum.

Tveir ungir Hólmarar skipulögðu taflmót



Sigursælir nemendur 5. bekkjar ásamt Hjalta & Stefáni.

Vikuna 16.-20. október var hin árlega félagsmiðstöðva- og ungmennahúsavika Samfés haldin víðsvegar um

land. Af þessu tilefni skipulögðu tveir ungir skákáhugamenn taflmót fyrir bæði miðstig og efsta stig Grunnskólans

og sáu þeir alfarið um að safna vinningum og stýra mótinu. Þetta voru þeir Hjalti Jóhann Helgason, nemandi í 10. bekk, og Stefán Karvel Kjartansson, nemandi í 9. bekk. Eru þeim færðar þakkir fyrir þeirra framlag til viðburðahalds fyrir ungmenni sem sækja félagsmiðstöðina. Jafnframt var foreldrum boðið að fylgjast með og buðu ungmennin upp á heitar vöflur og kakó. Félagsmiðstöðva- og ungmennahúsavikan hefur það að markmiði að kynna og varpa ljósi á það mikilvæga starf sem fram fer í félagsmiðstöðvunum og

ungmennahúsinu fyrir börn og ungmenni. Starf félagsmiðstöðva og ungmennahúsa er í eðli sínu forvarnastarf og ætlað að styðja við félagsfærni, sjálfseflingu, sköpun og heilbrigði ungs fólks. Þátttaka í skipulögðu starfi félagsmiðstöðva og ungmennahúsa í öruggu umhverfi með fagfólki hefur mikilvægt forvarnargildi og eykur líkur á því að ungt fólk kjósi heilbrigðan lífsstíl og forðist áhættuhegðun.

Fréttir og umbrot blaðsins annast Jón Sindri Emilsson aðstoðarmaður bæjarstjóra.